

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. mars 2020 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-61/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 9. ágúst 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á rafmagnsrúmi af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að rúmið hafi verið haldið galla og krefst nýrrar afhendingar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 12. ágúst 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Neftndinni bærust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 10. febrúar 2020, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á rafmagns hjónarúmi af gerðinni Temprakon af seljanda þann 13. febrúar 2017. Um sýningareintak var að ræða og keypti álitsbeiðandi rúmið, þ.e. rúmbotn, dýnu og höfuðgafli, á alls 403.598 krónur.

Í apríl árið 2019 brotnaði mótór rafmagnsrúmsins og þverstöng sem lyftir baki bagnaði, en stöngin á að þola nokkur hundruð kíló að sögn álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi bendir á að fimm ára ábyrgð sé á mótornum samkvæmt seljanda og 10 ára ábyrgð á rúmdýnunni. Seljandi hefur hins vegar hafnað því að um galla sé að ræða og telur að skemmdirnar séu sök álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi afhendi honum nýja rúmgrind og mótór af sömu tegund eða afhendingu á nýju rúmi.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið neftndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi rafmagns hjónarúm af gerðinni Temprakon af seljanda þann 13. febrúar 2017 fyrir 403.598 krónur.

Í apríl 2019, um tveimur árum og tveimur mánuðum eftir kaupin, brotnaði mótór rafmagnsrúmsins og þverstöng sem lyftir dýnunni bagnaði. Álitsbeiðandi telur að rúmið hafi verið haldið galla og krefst afhendingu á nýjum mótór og þverstöng eða nýju sambærilegu rúmi.

Í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) segir:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka.“

Þar sem tveggja ára frestur álitsbeiðanda til að bera fyrir sig galla er liðinn þarf að meta hvort rafmagnsrúm sé söluhlutur sem „er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti“ í skilningi framangreindrar 2. mgr. 27. gr. Í skýringum við ákvæðið, sem fylgdu með frumvarpi til nkpl. segir m.a. um þetta atriði að líta þurfi til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafi ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma sem endurspeglast meðal annars í verði söluhlutar. Ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlut er ætlað að hafa er tekið fram að rétt sé að vafinn falli fimm ára reglunni í hag. Telur kærunefndin að ganga verði út frá því að álitsbeiðandi hafi getað kvartað undan galla á rafmagnsrúminu í fimm ár frá því kaupin fóru fram. Kvartaði álitsbeiðandi því undan galla í tæka tíð í skilningi 2. mgr. 27. gr. laganna.

Í 15. gr. nkpl. er fjallað um hvaða eiginleika söluhlutur þarf að hafa. Í a-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b-lið 2. mgr. segir svo að söluhluturinn skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. laganna kemur fram að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa við til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu. Að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Sönnunarbyrði í málinu hvílir á álitsbeiðanda samkvæmt 2. mgr. 18. gr. nkpl. og ber álitsbeiðanda að að sýna fram á að um framleiðslugalla hafi verið að ræða. Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar um þær aðstæður sem voru uppi þegar mótor rúmsins brotnaði og þverstöngin bognaði rúmlega tveimur árum eftir afhendingu. Kærunefndin getur ekki slegið því föstu að rúmið hafi verið haldið galla við kaupin. Verður ekki annað séð en að bilunin stafi af aðstæðum sem varða álitsbeiðanda í skilningi 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

V

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson